

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

Breyting á deiliskipulagi við Hlíðarhaga.

Á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar 12. maí 2021 var samþykkt breyting á deiliskipulagi við Hlíðarhaga. Deiliskipulagssvæðið er um 1,8 ha að flatarmáli og nær til svæðis fyrir íbúðarbyggð ÍB5 í aðalskipulagi og afmarkast til vesturs af Hamrinum, til norðurs af opnu svæði, til vesturs af Breiðumörk og til suðurs af íbúðarbyggð við Laufskóga. Breytingin felur í sér að þéttleiki byggðarinnar fer úr 15 íbúðum/ha í 25 íbúðir/ha og fjöldi íbúða fer úr 27 í 45. Meginmarkið deiliskipulagsins er að nýta svæðið betur með litlum og millistórum íbúðum í góðum tengslum við aðliggjandi byggð, útivistarsvæði og þjónustu.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hlaut meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 21. júní 2021.

Guðmundur F. Baldursson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 24. júní 2021